

Þingeyjarskóli og þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið*

Þingeyjarskóli hóf haustið 2023 fjögurra ára þróunarverkefni í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið* miðar að því að efla læsiskennslu með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Í verkefninu *Læsi fyrir lífið* er unnið með læsi þvert á námsgreinar og fá kennarar leiðsögn og þjálfun í að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum og nota verkfæri á borð við gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, ritunarramma, samræður o.fl. til að efla skilning og nám nemenda. Lögð er áhersla á að kennarar og nemendur tileinki sér fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar í að efla læsi.

Markmið þróunarverkefnisins er að:

- efla læsisfærni nemenda ár frá ári
- flétta læsi inn í allt skólastarf alla daga ársins

Gert er ráð fyrir að allir kennarar skólans taki þátt á einn eða annan hátt í þróunarverkefninu. Markhópurinn er mið- og unglingastig en yngsta stig mun einnig taka þátt með einum eða öðrum hætti.

Með þátttöku í verkefninu taka kennarar þátt í lærdómsferli, þeir ígrunda eigið starf og tileinka sér nýja þekkingu í samstarfi við starfsfélaga og ráðgjafa frá Miðstöð skólaþróunar við HA.